

landi; en eftir lögum 23. janúar 1862, ef skipið er gjört út frá Danmörku, og skulu samkvæmt þeim skipstjóri og stýrimaður vera danskir þegnar.

**75**  
7. febr.

6. að greiða skal innflutningsgjald samkvæmt tilskipan 1. maí 1838 af þeim utanríkisskipum, sem verða skrásett á Íslandi.

7. að breyta skal eftir tilskipun 3. maí 1869, að því er snertir skrásetningu utanríkisskipa.

Ráðgjafinn fyrir Ísland leyfir sjer því þjónustusamlegast að skjóta því til utanríkisráðgjafans að leiðbeina hinum dönsku kensúlum í Noregi samkvæmt þessu.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar Norðmanna. —  
Í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, út af brjefi ráðgjafans 7. febr. þ. á um eptirlit bæjarfógeta og sýslumanna með því, að gildandi lögum sje fylgt við fiskiveiðar í landhelgi, lagt það til, að yður verði veitt heimild til að bæta því við fyrirmælin um þetta eptirlit, að hlutafjölögum eða samlögum, sem eru juridiskar persónur og hafa sem slíkar heimilisadsetur stjórnar sinnar á Íslandi, sje heimilt að taka þátt í tjeðum fiskiveiðum eptir þeim reglum, sem annars eru lögakveðnar um það efni.

**76**  
14. apr.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn álitur það ófað, að eptir gildandi lögum, einkanlega tilskip. 7. marz 1787, §§ 2. og 3. (sbr. tilsk. 13. júní 1787 I, §§ 2. og 10)., sem skýrlega láta í ljósi, að veiðiskapur megi að eins rekast á kostnað danskra þegna, svo að enginn útlendingur megi, hvorki beinlínis nje óbeinlínis eiga þar minnsta hlut í, nema hann sje í raun og veru búsettur á Íslandi eða Danmörku, — verði engu því samlagi, ónafngreindu eða nafngreindu, sem ætla má að útlendingar sjeu þátt-takendur í, leyft að veiða í landhelgi, og fyrir því verður eigi sú viðbót gjörð, er þjer hafið lagt til.

Í sambandi við þetta vil jeg þar að auki út af spurning þeirri, er þjer, herra landshöfðingi, meðal annars minnzt á í þóknanlegu brjefi yðar 28. febr. þ. á., hvort leyfilegt megi álitast, með tilliti til fyrirmæla tilskipunar 13. júní 1787, kap. I. § 10, að nota við veiðiskap í landhelgi báta, er norskir þegnar eiga, bæta því við, að með því að hjer er um opna báta að ræða og lögin innihalda engar ákvarðanir um þjóðerniseinkenning þeirra, þá mun ekkert vera á móti því, að slíkir bátar sjeu notaðir, þó auðvitað af þeim einum, sem heimild hafa til að veiða í landhelgi.

Um spurning þá, er þjer, herra landshöfðingi, hafið vakið um breytingar á lög-gjöf þeirri, er nú gildir um veiðirjett í landhelgi, áskilur ráðgjafinn sjer að ræða síðar meir.

### Ágrip

**77**

af reikningum, sem eru undir stjórn amtmannsins í suður- og vesturumdæminu.

#### Búnaðarskólajald í suðurumdæminu 1880.

	Tekjur.	Kr.	A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1879:		kr.	a.
a. Í veðskuldabryfum . . . . .		6700	»
b. Óborgaðir vextir . . . . .		9	36
c. Í peningum . . . . .		178	57
		<u>6887</u>	<u>93</u>
		Flyt	6887 93